

Á fundi byggðarráðs Dalabyggðar 12. janúar 2016 var eftirfarandi bókun samþykkt um ofangreint frumvarp:

*Byggðarráð Dalabyggðar leggst gegn samþykkt frumvarpsins í þeirri mynd sem það nú er en leggur til að Jöfnunarsjóði verði falið að útteila fjármununum samkvæmt fyrirliggjandi útteilingarreglum s.s. varðandi tekjujöfnunarframlag eða útgjaldajöfnunarframlag.*

*Meðalútsvar á landinu á árinu 2014 var kr. 417.035,- en í Dalabyggð kr. 309.468,- . Mismunurinn er kr. 107.567,- eða 25,8%. Nái frumvarpið fram að ganga er tekjuhæstu sveitarfélögunum umbunað umfram þau tekjulægri og spyrja má hvort það sé í samræmi hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sbr. 8. gr laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga en þar kemur fram að hlutverk Jöfnunarsjóðs sé að jafna mismunandi útgjaldabörf og tekjur.*

Þetta tilkynnist hér með.

Sveinn Pálsson  
Sveitarstjóri Dalabyggðar